

Námskrá 4. bekkur

Námíslenska

Áhersla er lögð á frumpætti móðurmálsins, sem eru talað mál, hlustun, lestur og ritun. Leitast er við að auka orðaforða, efla málskilning og örva málnotkun nemenda eins og unnt er. Í grófum dráttum má skipta íslenskunáminu niður í fjóra flokka, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Vinnulag: Unnið er eftir Byrjendalæsinu. Áhersla er lögð á fjölbreyttar vinnuaðferðir í einstaklings, para og hópvinnu. Mikil samþætting er í nám nemenda og er reynt að tengja lesturinn við sem flestar námsgreinar. Aðferðir leiðsagnarnáms eru nýttar þar sem lögð er áhersla á vaxandi hugarfar, árangursríka samvinnu og gagnvirknan lestur.

Vitnisburður: Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem hæfniviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.

- | | |
|----|--|
| A | Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| B+ | Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A. |
| B | Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| C+ | Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B. |
| C | Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| D | Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs |

Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu.

Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar eru nýtt til viðmiðunar fyrir hvern árgang.

Lesfimiþróf eru metin þrisvar sinnum á vetri, sept., jan. og maí.

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf

4.bekkur - maí viðmið

90% viðmið 80 orð á mín. 50% viðmið 120 orð á mín. 25% viðmið 145 orð á mín.

Kennarar: Helga Guðrún Loftsdóttir og Rósa Vigfúsdóttir

Tímaáætlun: Miðað er við ca. 7 kennslustundir á viku.

Námskrá 4. bekkur

Grunnpáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð :	• getur tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar sínar, • áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði, • þekkir styrkleika sína og byggir upp góða sjálfsmynd.
Jafnrétti	• virðir jafnan rétt einstaklinga, • ræktar hæfileika á eigin forsendum, • getur rýnt í margskonar texta án fordóma, • áttar sig á mismunandi þjóðfélagshópum í samfélaginu sem þurfa að • vinna saman á jafnréttisgrundvelli.
Lýðræði og mannréttindi	• getur valið sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika, • ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins, • tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð.
Læsi	• getur lesið sér til gagns og gleði, • getur lesið fjölbreyttan texta og notað til þess mismunandi lestraraðferðir, • vinnur á fjölbreyttan hátt með læsi eins og t.d. menningarlæsi, umhverfislæsi og upplýsingalæsi, • skapar eigin merkingu og bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les, • þekkir til mismunandi umræðuhefða og orðanotkunar.
Sjálfbærni	• notar íslensku á fjölbreyttan og skapandi hátt, • getur rökrætt um margvísleg álitamál og ágreiningsefni, • beitir gagnrýnni hugsun og getur sett sig í spor annarra, • tekur virkan þátt í skólastarfinu.
Sköpun	• nýtir ímyndunaraflið til að leika sér með ýmsa möguleika tungumálsins, • tjáir eigin skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt.

Námskrá 4. bekkur

Íslenska við lok 4. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat
<u>Talað mál, hlustun og áhorf</u> - Beitt skýrum og áheyrulegum framburði. - Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. - Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. - Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi. - Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. - Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	- Upplestur á eigin verkum og annarra - Ýmis viðfangsefni sem þjálfar talað mál, hlustun og áhorf	- hlusta á upplestur, - umræðu- og spurnaraðferð - námsleikir - margmiðlun	<u>Að nemandi:</u> - Geti lesið skýrt og áheyrulega og stoppað við punkta. - Geti lesið upphátt eigin texta með áherslum og tilfinningu. - Beiti rétttri líkamsstöðu í upplestri. - Geti endursagt frásögn eða sögu sem hlustað er á. - Sýni kurteisi og hlusti með athygli þegar aðrir lesa og gefið umsögn.

Námskrá 4. bekkur

Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

- Barnabækur eftir íslenska og erlenda höfunda.
- Lesrún 1 og 1
- Efni úr samfélags- og náttúrufræði.
- Valin verkefni frá kennara.

- Fimman
- Ýmis lestur, s.s., gagnvirkur lestur, paralestur, yndislestur, heimalestur, upplestur og lestur með tímatöku.
- Einstaklings-, para- og hópavinna.
- Gæðatexti lesinn fyrir nemendur.
- Námsþpil.
- Margmiðlun nýtt við lestur og bókmenntir.
- Heimsókn á bókasafn.

Að nemandi:

- Geti lesið texta sem hæfir lestrargetu.
- Þekki hugtökin persóna, umhverfi, boðskapur/rödd og söguþráður.
- Geti dregið ályktanir, beinar og óbeinar.
- Kunni að lesa fyrirmæli og fylgja þeim.
- Hafi gott vald við leit heimilda í bókum og á rafrænu formi.
- Þekki uppbyggingu ljóða og ævintýra.
- Þekki mismunandi form ritunar, saga, frásögn, ljóð, ævintýri osfrv.
- Þekki hugtökin rím, kvæði, vísa og ljóðlína.

Námskrá 4. bekkur

Íslenska við lok 4. bekkjar:			
Ritun • Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. • Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. • Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda. • Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. • Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis. • Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð • Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.	• efni frá kennara • ritunarráttur	• Fimma (Daily five) • einstaklings-, para- og hópavinna, • sögu- og ljóðagerð, • skrift • margmiðlun • skriflegar æfingar,	Að nemandi: • Geti skrifað skýr og greinilega, þekki hástafi/lágstafi og stærð stafa. • Þekki reglur um stóran staf, tvöfalda samhljóða, n/nn, ng/nk og kynnist reglunni um i/y. • Geti samið texta frá eigin brjósti og geti nýtt sér reglur um persónur/persónulýsingu, umhverfi/umhverfislýsingu, boðskap og söguþráð. • Þekki og nýtt sér grunnþætti ritunnar, s.s. upphaf, miðju og endi og hafi gott vald á sögugerð. • Geti skrifað og þekkt mismunandi form ritunnar. • Nýtt sér fyrirmyndir við ritun á eigin texta. • Hafi gott vald að ritun eigin texta í ritvinnslu og þekki helstu skipanir í ritvinnslu.

Námskrá 4. bekkur

Íslenska við lok 4. bekkjar:			
Málfræði - Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska. - Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. - Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta. - Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. - Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu. - Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. - Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. - Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta. - Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.	- Lesrún 2 - verkefni frá kennara	- Fimma (Daily five) - hópa-, para- og einstaklingsvinna - námsspil og leikir - margmiðlun	Að nemandi: - Geti notað greinarmerkin punt, komma, spurnarmerki og upphrópun. - Þekki mun á sérnöfnum og samnöfnum og geti greint slík orð í flokka. - Þekki einkenni nafnorða og geti flokkað þau í kyn, tölu og fall. - Þekki einkenni lýsingarorða og geti stigbreytt einföld lýsingarorð. - Þekki einkenni sagnorða og geti sagt til um tíð þeirra. - Hafi gott vald á íslenska stafrófinu og kunni að nýta sér það. - Þekki málsgreinar og geti nýtt sér þá kunnáttu í ritun. - Hafi skilning á mikilvægi þess að læra íslenska málfræði.